



Fundargerð

Tilv. 1704259/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 4/2017.
Dagsetning og tími: 6. apríl 2017, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 8. mars 2017.
2. Grisjunarbeiðni Menntaskólans á Egilsstöðum dags. 28. febrúar 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1702059).
3. Grisjunarbeiðni Heyrnar- og talmeínastöðvar Íslands dags. 13. mars 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1703038).
4. Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 23. mars 2017 – fylgiskjöl bókahalds (málsnr. 1703022).
5. Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 31. mars 2017 – hreyfingalistar á skuldabréfasafni (málsnr. 1703107).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 8. mars 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 8. mars 2017 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Menntaskólans á Egilsstöðum dags. 28. febrúar 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1702059).

Beiðnin var samþykkt. Menntaskólanum á Egilsstöðum er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1994–2009 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.



3. Grisjunarbeiðni Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands dags. 13. mars 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1703038).

Beiðnin var samþykkt. Heyrnar- og talmeinstöð Íslands er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem ná yfir tímabilið 2003–2009 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

4. Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 23. mars 2017 – fylgiskjöl bókahalds (málsnr. 1703022).

Beiðnin var samþykkt. Íbúðalánasjóði er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem eru eldri en frá 2010 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

5. Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 31. mars 2017 – hreyfingalistar á skuldabréfasafni (málsnr. 1703107).

Beiðnin var samþykkt. Íbúðalánasjóði er heimilt að eyða umbeðnum hreyfingalistum á skuldabréfasafni sem ná yfir tímabilið 1987–2002 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn alla hreyfingalista frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að hreyfingalistar innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

Fundi slitið kl. 12:40

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)